

**Sp.**

**37. Fyrirspurn**

[34. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Alexander Stefánssyni.

- 1) Hvenær má vænta þess, að gefnar verði út reglugerðir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. sbr. nú 2. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1978?
- 2) Hvernig er háttáð greiðslum sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva og lækna heilsugæslustöðva?
- 3) Hefur verið sett gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva skv. 20. gr. laga nr. 57/1978, sbr. áður lög nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu?
- 4) Hvað líður gerð áætlunar um byggingu heilbrigðisstofnana skv. 33. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og hver eða hverjir taka ákvarðanir um stærð og gerð slíkra stofnana, þ. á m. bústaða fyrir lækna og hjúkrunarfólk?
- 5) Eru væntanlegar ráðstafanir af hálfu heilbrigðismálaráðuneytisins til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga, sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur þeirra heilsugæslustöðva, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús?